

Reglur um risnu, gjafir og móttöku gesta hjá Akraneskaupstað

Með risnu er átt við kostnað sem efnt er til í þeim tilgangi að sýna þeim er risnunnar nýtur, gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu.

Fullnægjandi tilefni skal ávallt vera til þess að risna sé veitt, sem og fjárheimild og skrifleg heimild yfirmanns stofnunar eða hlutaðeigandi stjórnanda.

Við frágang risnureiknings skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Reikningurinn þarf að vera skýrt sundurliðaður þannig að sjá megi hvers eðlis útgjöldin eru og umfang þeirra.
- Reikningurinn þarf að vera áritaður af forstöðumanni stofnunar. Í sérstökum afmörkuðum tilfellum má haga fyrirkomulagi á annan hátt, sé ákveðnum starfsmanni t.d. falin umsjón með framkvæmd ráðstefnu, fundar eða annars fyrirfram ákveðins atburðar þar sem fyrir liggur dagskrá sem kallar á risnuútgjöld. Skrifleg heimild forstöðumanns til viðkomandi aðila skal þá liggja fyrir hjá fjárreiðudeild og er þá áritun viðkomandi starfsmanns á reikninginn fullnægjandi heimild.
- Ef um hærrí risnu er að ræða ber stofnunum að hafa samráð við bæjarritara (eða bæjarstjóra).
- Tilefni risnunnar og rökstuðning þarf ófrávikjanlega að rita á reikninginn eða á fylgiblað með honum. Þar skal ennfremur greint frá því hverjir nutu risnunnar.

Uppfylli risnureikningar ekki ofangreind skilyrði varðandi frágang, skal bókhaldsdeild ekki taka reikninginn í færslumeðferð heldur endursenda hann til viðkomandi stofnunar/stofu með tilmælum um úrbætur.

Bæjarritari leggur mat á risnukostnað og er meginreglan sú að kostnaður vegna risnu eigi að vera í lágmarki. Telji bæjarritari að reikningur uppfylli ekki framangreind skilyrði getur hann krafist nánari skýringa. Séu þær skýringar ekki viðhlítandi tilkynnir bæjarritari bæjarráði að reglur þessar hafi verið brotnar og getur bæjarráð þá áminnt viðkomandi forstöðumann eða gengið til annarra viðeigandi aðgerða.


Mikilvægt er að risnukostnaður sé rétt bókfærður þannig að draga megi fram hversu hár þessi kostnaður er í raun og veru. Gera þarf greinarmun á risnu og öðrum kostnaði s.s. starfsmannatengdum kostnaði. Til risnu telst ekki kostnaður við árs hátíð, jólagleði og sambærilegar samkomur svo og starfsmannaferðir. Kostnaður vegna funda sem beinlínis tengjast starfssemi stofnunar, bæjarskrifstofu og bæjarstjórnar telst heldur ekki til risnu.

Bókfæra skal allan kostnað sem stofnað er til í því skyni að sýna gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu á viðeigandi bókhaldslykil undir „móttaka gesta“.

Gera verður kröfu um að fullnægjandi greinargerð um risnukostnað sé að finna í bókhaldsgögnum sem henni tengjast. Sem fyrr segir þarf reikningur að vera skýrt sundurliðaður, fram komi hverjir nutu risnunnar, auk þess sem tilefni risnunnar og rökstuðning fyrir henni þarf að rita á reikninginn eða á fylgiblað með honum. Reikningur þarf ávallt að vera áritaður af til þess bærnum aðila. Þessi atriði eru nauðsynleg svo til þess bærir aðilar geti dæmt um hvort útgjöldin séu eðlileg.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn þann 13. nóvember 2012.

Akranesi 14. nóvember 2012



Jón Pálmi Pálsson, bæjarstjóri

